

✉ Efni: Skipulags og matslýsing vegna Hvalárvirkjunar, Árneshreppi

Búið til	20.2.2020 12:12:02
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	20.2.2020 14:34:01
Tilheyrir	📁 2020010084 - Skipulag í Árneshreppi - ósk um umsögn

Efni

Efni: Skipulags og matslýsing vegna Hvalárvirkjunar, Árneshreppi

Upplýsingar

Sent	20.2.2020 14:34:01	Staða	Sent
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson (trausti@ni.is)
Til	skipulag@dalir.is

Innihald

Málsnúmer: 2020010084 (Þar sem verið er að uppfæra GoPro skjalakerfi stofnunarinnar og ekki komin full reynsla kerfið vinsamlegast staðfestið þá móttöku þessa tölvupósts)

Vísað er til tölvupósts frá Árneshreppi, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025.

Eftirfarandi eru nokkrar athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna:

- Í kafla 1.1 Yfirlit, 2. mgr., er fjalla um breytingar á Hvalárvirkjun sem fela í sér aukningu á ársframleiðslu og breytingum á m.a. uppistöðulóni sem væntanlega mun fela í sér m.a. stækkun á miðlunarlóni/um og hærri stíflugarða. Hvergi í skýrslunni koma fram tölur yfir þessa aukningu en þess í stað birtar sömu tölur og áður þ.e. 55MW og 320 GWh á ári, sjá 2. mgr. kafla 2.1.
- Í sömu mgr. er fjallað um ýmsar aðrar breytingar s.s. gestastofu, gönguleiðir og vegi. Vissulega er tilgangur skipulags- og matslýsingar að upplýsa um verkefnið en ekki birta útfærslur en engu að síður hefði mátt gera betur grein fyrir þessum fyrirhuguðu breytingum og lýsa þeim betur í skipulagslýsinguinni.

- Framsetning á kortum sem snúa annars vegar að aðalskipulagi og hins vegar deiliskipulagi er óljós. Að öllu jöfnu er eðlilegt að aðalskipulagssvæði séu mun stærri en deiliskipulagssvæði. Hér er hins vegar um að ræða virkjanasvæði og að öllu eðlilegu ætti aðalskipulag og deiliskipulag að vera sama svæðið þar sem að framkvæmdir ná til alls svæðisins að einhverju marki. Í það minnsta þarf að gera grein fyrir því hvers vegna svo er ekki í þessu tilfelli sbr. mynd 2.1. og 2.3. Í markmiði kemur fram að fyrst og fremst sé um að ræða að skapa „svigrúm“ fyrir virkjun.
- Í kafla 2.3 er fjallað um rannsóknir VesturVerks ehf. á útbreiðslu trjábólafara eða steingervinga. Svo virðist sem það vanti heimildir um þessa rannsóknavinnu.
- Í kafla 2.5 er fjallað um náttúruminjar og víðerni. Hér virðist látið hjá liggja að fjalla um tillögur Náttúrufræðistofnunar um vernd Drangajökulssvæðisins og að setja það á B-hluta náttúruminjaskrár. Einnig vantar að nefna heitar lindir í tengslum við sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Réttilega kemur fram að svæðið fellur undir skilgreiningu náttúruverndarlaga um óbyggð víðerni þó formlegt kort hafi ekki verið gefið út enda gera lögin ekki sérstaklega ráð fyrir því eins og þau eru í dag.
- Í töflu 2.1 er fjallað um tengsl við aðra áætlanir. Undir svæðisskipulagi er fjallað um tengingu/línu við Ísafjarðardjúp. Hér virðist vera ósamræmi við mynd 2.1. bls. 3 þar sem tengingin er suður. Í skipulagi þarf að skýra betur út tengsl við Landsskipulag og hvernig virkjunin uppfyllir kröfur um umhverfisvernd. Þetta er einnig óljóst með vísun í Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.
- Væntalega verður betur gerð grein fyrir tengslum við Sóknaráætlun Vestfjarða.
- Vegna umfjöllunar um náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá er vísað í athugasemdir hér að framan um B-hluta náttúruminjaskrár og 61. gr. laga um náttúruvernd. Einnig má gera ráð fyrir frekari umfjöllun í skipulaginu og umhverfismati þess um Velferð til framtíðar og Menningarstefnu í virkjanagerð og hvernig virkjunin samrýmist þeim.
- Gera þarf vel grein fyrir öllum breytingum sem eru fyrirhugaðar og hafa ekki komið fram áður s.s. í mati á umhverfisáhrifum. Sjá lið 2. Uppistöðulón og lið 3. Stíflur o.fl.
- Í lið 7. Hafnarsvæði er fjallað um nýja framkvæmd sem ekki hefur komið fram áður. Málið er sett upp þannig að um sé að ræða tímabundna heimild. Eftir því sem næst verður komist eru margir lausir endar hvað þessa framkvæmd varðar s.s. hvar nákvæmlega hafnaraðstaðan verður, umfang hennar, vegatengingar, varanleika hennar og að sjálfsögðu áhrif á náttúru svæðisins.
- Í lið 8 Efnistaka og haugsvæði er gert ráð fyrir að skilgreindar verði 10. nýjar námur. Skoða þarf þetta sérstaklega m.t.t. þess sem kom fram í mati á umhverfisáhrifum og hvort þessi breyting kallar á frekari skoðun hvað það varðar.
- Í lið 9 Hvalárlína, er fjallaðu um lagningu línunnar, Bent er á fyrri athugasemdir um ósamræmi um staðsetningu línunnar.
- Í lið 10 er fjallað um göngu- og reiðleiðir og færslu á leiðum. Bent er á að leiðirnar geta flokkast sem menningarmínjar eða jafnvel fornleifar, s.s. vörður.
- Í lið 12 er fjallað um hverfisvernd. Í lýsingunni liggur ekki fyrir, eðli málsins samkvæmt, hver verður niðurstaða þessarar verndar eða innihald. Rétt er þó að benda á að hverfisvernd getur verið mjög ómarkviss vernd m.a. vegna þess að tiltölulega auðvelt er að breyta skipulagi sé til þess vilji.

- Umhverfismat: Þar sem Hvalárvirkjun hefur farið í mat á umhverfisáhrifum má gera ráð fyrir að umhverfismatið byggi mikið á matsskýrslu virkjunarinnar og álitni Skipulagsstofnunar og sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við nálgun sem lögð er fram í lýsingunni. Stofnunin leggur áherslu á að allar nýjar upplýsingar séu lagðar fram með ítarlegri umfjöllun. Hér má nefna B-hluta tillögu Náttúrufræðistofnunar, úttekt á óbyggðum víðernum á svæðinu, nýjar jarðfræðirannsóknir o.s.frv.
- Óljóst er hvað átt er við með vatnavegum á bls. 20.
- Í kafla 4.4. er fjallað um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þar segir að umhverfisviðmið byggi í grunninn á þeim. Þetta þarf að skýra því svo er að flest umhverfisviðmið eru í ýmsum innlendum lögum s.s. lögum um náttúruvernd og ýmsum alþjóða samningum sem Ísland er aðili að. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (þau markmið sem eiga við hér) er eins konar regnhlíf sem byggir á grunnviðmiðum sem lögð eru fram annarsstaðar og taka ekki yfir þau þó þau geti verið birtingarmynd þeirra eða árangursmarkmið t.d. viðmiða í lögum um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulags og matslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is